

Fundargerð


Stjórnarfundur í félagi lóðarhafa Kiðjabergi

Fundur stjórnar 17. nóvember 2020 kl. 20:00 haldinn á Zoom.

Fundinn sátu: Snjólfur Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Nanna Viðarsdóttir, Kristín Eysteinsdóttir og Hlín Ástþórsdóttir.

1. Lagfæringar á vegum. Vegir í hverfunum (botnlangar) sem voru lagfærðir í sumar eru allir vegir norðanmegin við Arnarbælisveg og auk þess afleggjari að sjúkraliðabústöðum. Kostaður var um 4,5 m.kr. Nú á bara eftir að lagfæra vegi sunnan megin við Arnarbælisveg og á Háabergssvæðinu og er stefnt að því að klára þá á næsta ári. Auk þessa var lappað upp á bundna slitlagið frá Kiðjabergsbænum að Hestlandi og tók FLK þátt í þeim kostnaði og greiddi um 250 þ.kr.
2. Lagfæringar á göngu- og golfbílástígum svæðisins. Golfklúbburinn hefur tekið að sér að laga stíga milli Kamba og golfskála og Arnarbælishverfis og golfskála. Það verður líklega gert vorið 2021.
3. Innheimta árgjalda hefur gengið vel og á fjárhagsstaðan góð, en félagið á nú um 13 m.kr. í banka.
4. Sá möguleiki að greiða upp skuld vegna vatnsveitu hefur verið kannaður, en ekki er komin niðurstaða í málið. Nú eru þrjár greiðslur eftir af 10 ára samningi og nema eftirstöðvarnar ca. 5,8 m.kr.
5. Heimasíðan félagsins, kberg.is, var opnuð 9. september síðastliðinn. Tilgangurinn er að þar séu aðgengilegar ýmsar upplýsingar sem geta verið gagnlegar fyrir félagsmenn.
6. Samþykkt var að framvegis verði fundargerðir stjórnar FLK settar á heimsíðuna og eftir atvikum sendar með tölvupósti til félagsmanna.
7. Önnur mál.
 - o Í sumar voru rotþrær í Kiðjabergi losaðar, en engir miðar eru settar á þær eins og tíðkaðist, heldur eru upplýsingar færðar í gagnagrunn.
 - o Sveitarfélagið ætlar að fjarlægja í desember ruslagámana af gámasvæðinu við afleggjarann að Gelti og ætlast er til að sumarhúsaeygendur noti grenndarstöðina við Hraunborgir.
 - o Rætt var um fyrirætlanir um að koma fyrir yfirlitsskilti við gámasvæðið og verður það rætt áfram á næsta fundi.
 - o Undanfarin ár hefur Jóhann Friðbjörnsson séð um snjómokstur í Kiðjabergi en mun ekki gera það í vetur. Unnið er að því að gera samning við annan aðila.

Fundi slitið 21:20


Nanna Viðarsdóttir ritari


Snjólfur Ólafsson formaður